



Reykjavíkurborg
Mannréttindaskrifstofa

16. febrúar 2015

Átak gegn heimilis-ofbeldi gagnvart fötluðu fólki.



Átak til að vinna á móti heimilis-ofbeldi gagnvart fötluðu fólki

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkti að fara í átak gegn heimilis-ofbeldi 1. apríl 2014.

Þetta verkefni er í samvinnu við Lögregluna á höfuð-borgarsvæðinu. Verkefnið heitir **Saman gegn ofbeldi**.

Vegna átaksins var ákveðið að skoða sérstak-lega stöðu fatlaðs fólks.

Búseta fatlaðs fólks er mismunandi. Sumir búa á eigin heimili en aðrir búa til dæmis á sambýlum eða í búsetu-kjörnum.

Margir geta beitt fatlað fólk ofbeldi á heimilum sínum.

Til dæmis makar, foreldrar, starfsfólk eða aðrir íbúar á sama heimili.

Starfshópur var fenginn til þess að búa til tillögur að aðgerðum til að koma í veg fyrir heimilis-ofbeldi gegn fötluðu fólki.

Fulltrúar í starfshópnum og ráðgjafar hans voru:

Tómas Ingi Adolfsson frá mann-réttinda-skrifstofu Reykjavíkurborgar.

Steinunn Ása Þorvaldsdóttir frá mann-réttinda-skrifstofu Reykjavíkurborgar.

Ásta Sóley Haraldsdóttir frá Hinu húsinu.

Sigbrúður Katrín Eyjólfsdóttir frá Þjónustu-miðstöð Laugardals og Háaleitis.

Hróðný Garðarsdóttir, forstöðu-maður á heimilum fatlaðs fólks að Ránargötu og Einarsnesi.

María Hreiðarsdóttir frá Þjónustu-miðstöð Breiðholts.

Freyja Haraldsdóttir frá Tabú.

Embla Guðrúnar Ágústsdóttir frá Tabú.

Starfs-hópurinn fékk marga gesti á fundi hópsins.

Til dæmis aðstoðar-lögreglustjóra, réttinda-gæslumann fatlaðs fólks og fulltrúa frá Stígamótum og Kvenna-athvarfinu.

Starfs-hópurinn setti fram þessar tillögur að aðgerðum:

1. Að útbúnaar verði skýrar reglur til þess að nota í ofbeldis-málum.
2. Að auka fræðslu til fatlaðs fólks um mann-réttindi, kynlíf og heilbrigð sambönd para eða hjóna.
3. Að starfsfólk fái fræðslu um þessi mál þegar það hefur störf með fötluðu fólki.

Fræðslan á til dæmis að vera um mannréttindi fatlaðs fólks og um ofbeldi gegn fötluðu fólki.

4. Innra eftirlit með gæðum á þjónustu við fatlað fólk.

Til dæmis til þess að tryggja að starfsfólk bregðist rétt við í ofbeldis-málum þegar ofbeldi á sér stað.

5. Búa til hóp sem bregst við neyð í ofbeldis-málum.

Meðal annars til þess að tryggja að það sé alltaf unnið faglega við að leysa ofbeldis-mál gegn fötluðu fólki.

6. Fræðsla til að komast að því hvort ofbeldi hafi átt sér stað.

Til þess að starfsfólk á þjónustu-miðstöðvum og á heilsu-gæslustöðvum geti komist að því hvort fatlað fólk hafi verið beitt ofbeldi.